
Minnisblað

Dagsetning: 30. desember 2021
Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir
Viðtakandi: Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra
Málsnúmer/skjalalykill: 21011462

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi ný tilmæli um einangrun og sóttkví vegna COVID-19.

Þann 22. desember sl. tók gildi ný reglugerð nr. 1483/2021 um lengd einangrunar vegna COVID-19. Í reglugerðinni var kveðið á um að allir með staðfesta sýkingu af völdum SARS-CoV-2 skyldu vera 10 daga í einangrun frá greiningu. Læknum COVID-19 göngudeildar Landspítala væri hins vegar heimilt að stytta eða lengja einangrun á grundvelli læknisfræðilegs mats. Í ljósi mikils fjölda smita er nú ógerlegt að meta lengd einangrunar fyrir hvern og einn.

Í reglugerð nr. 1240/2021 frá 4. nóvember 2021 er kveðið á um að lengd sóttkvíar skuli vera 14 daga frá umgengni við smitaðan einstakling en hana megi stytta í 5 daga með neikvæðu PCR prófi.

Þann 27. desember 2021 birti Sóttvarnastofnun Bandaríkjanna nýjar leiðbeiningar um einangrun og sóttkví vegna COVID-19 í ljósi nýs áhættumats vegna hins nýja omicron afbrigðis kórórónaveirunnar. Í ljósi breyttra eiginleika afbrigðisins og breytts áhættumats þótti rétt að stytta þann tíma sem krafist er að smitaðir eða útsettir dvelji í einangrun eða sóttkví.

Í ljósi hins nýja áhættumats Sóttvarnastofnunar Bandaríkjanna þá tel ég að hægt sé að stytta og skýra betur lengd einangrunar vegna COVID-19 en tel að lengd sóttkvíar eigi að standa óbreytt.

Ég legg því til eftirfarandi:

1. Einangrun vegna COVID-19.

Öllum sem greinast með SARS-CoV-2 með PCR prófi verði gert að dvelja í einangrun í a.m.k 7 daga frá greiningardegi. Covid göngudeild Landspítalans verði heimilt að framlengja einangrun samkvæmt læknisfræðilegu mati. Einstaklingum sem losna úr einangrun verði hvattir til að bera andlitsgrímu í samskiptum við aðra, gæta að einstaklingsbundnum sóttvörnum, forðast fjölmenni sem mest og sleppi umgengni við viðkvæma einstaklinga. Athuga ber að ekki er leyfilegt að nota fjölnota grímur í þessu sambandi.

Leiðbeiningar um einangrun verði a.ö.l. óbreyttar.

Heilbrigðisstofnanir og hjúkrunarheimili seti sér sínar eigin reglur varðandi einangrun starfsmanna og heimilismanna í samræmi við sitt áhættumat.